

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

16. desember 2011 haldinn að Laugum í Reykjardal.

Mættir kl. 13.30:

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahreppi, Soffía Helgadóttir Norðurþingi, Friðrika Sigurgeirssdóttir frá Þingeyjarsveit, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaga og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Drög að skýrslu um sameiningu umhverfisstofnana
2. Skýrsla samráðshóps um samgöngur og erindi 4x4
3. Ársfundur 2012
4. Rekstraráætlun 2012 útlit.
5. Fréttir frá þjóðgarsverði
6. Önnur mál

1. Umræða um skýrslu Stjórnarháttta ehf um sameiningu umhverfisstofnanna. Fundarmenn voru sammála um að í skýrslunni væri fátt gott að finna. Vandséð væri að aðkoma heimamanna sé tryggð og að samlegðaráhrifum sé náð.

Svæðisráð ályktar:

Framkominn tillaga frá stjórnarháttum er ónothæf. Hún fer í engu eftir markmiðum, sem sett voru þegar Vatnajökulspjóðgarður var stofnaður, um aðkomu heimamanna og hagsmunaaðila. Tillagan gerir ráð fyrir gamaldags miðstýrðri stofnun með einum alvaldi; Forstjóra.

2. Böðvar lagði til að á þessum fundi yrði skilgreindir þeir þættir skýrslunar sem Svæðisráð skyldi fjalla um og yrðu þeir svo teknir efnislega til umjöllunar á fundi í janúar. Samþykkt einróma. Kaflarnir eru þessir 3.1.1 3.1.2 3.1.3 3.1.10 3.1.4. 3.3.8 3.1.9 3.1.11 3.1.12 3.1.16 3.1.18 3.1.19 3.1.20 3.1.24. Erindi 4x4 varðandi slóðamál verður svarað í framhaldi af því.
3. Menn sammála um að ársfundur 2011 hefði tekist vel. Ákveðið að halda hann aftur 2012 í fyrrihluta Mars. Stund, þema og staður ákveðin í Janúar. Stefnt að útgáfu fréttabréfs fyrir fund.

4. Rekstraráætlun. Böðvar greindi frá niðurstöðu fjárlaga og horfur í rekstri garðsins 2012, eins og það var kynnt á stjórnafundi 13 desember. Horft er fram á óbreyttan rekstur en smávegis niðurskurð í framkvæmdum, þegar horft er til þjóðgarðsins alls. Á norðursvæði mun þetta þýða svo til óbreyttan rekstur, en framkvæmdir sem á dagskrá voru 2011 við Dettifoss færast milli ára.
5. Þjóðgarðsvörður rakti helstu fréttir úr starfsemi þjóðgarðsins s.s. stöðuna við Dettifoss, Nýja áætlun Skógræktarinnar fyrir Ásbyrgi og fleira.
6. Önnur mál:
Stella sagðist hafa fengið ábendingu um að komið hefði verið upp „Hæsnaprikum“ í botni Ásbyrgis og að þau væru alls ekki þægileg að sitja á, sérstaklega ekki fyrir eldra fólk. Hjörleifur útskýrði málið: Samkvæmt staðli fyrir stíga hreyfihamlaðra sem tekin var upp 2010 skal vera aðstaða til að tilla sér niður á 100 metra fresti. Með þetta í huga voru ekki settir niður hefðbundnir bekkir, heldur jarðfastar setbríkur, sem ekki eru ætlaðar til langra setstöðu. Eftir sem áður eru jafnmargir hefðbundnir bekkir til staðar og áður.

Ekki hefur neinn aðili verið tilnefndur af hálfu Ferðamálasamtaka Norðausturlands eftir að Stefán Tryggvason gaf ekki kost á sér lengur í svæðisráðinu.

Fundi slitið kl. 16.15